

höfðu til fyrir nefnt tímamark, enda þótt eigi væri um greiðslu fyrir útfluttar vörur að tefla. Greint skal skýrt og glögg, með hverju gengi innleyst var, hvort lagt var til grundvallar gengi fyrir hinn 19. marz 1950 eða gengi eftir þann dag.

2. Rannsaka ber önnur þau atriði, sem framhaldsrannsóknin veitir efni til.

Ályktarorð:

Héraðsdómi ber að framkvæma framangreinda rannsókn.

Þriðjudaginn 29. marz 1955.

Nr. 21/1955. **Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs og Tryggingastofnunar ríkisins**

(Hermann Jónsson)

gegn

Guðmundi H. Þórðarsyni (Enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Lögtaksgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur með stefnu 26. janúar þ. á. skotið til Hæstaréttar lögtaksgerð, er framkvæmd var eftir kröfu hans hjá stefnda hinn 3. desember 1954, og krafist þess, að lögtaksgerðin verði staðfest. Hann krefst þess einnig, að stefnda verði dæmt að greiða honum kostnað af lögtakinu og uppboðsbeiðni og málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Af hálfu stefnda hefur enginn komið fyrir dóm í máli þessu, enda þótt löglega hafi verið stefnt, og hefur málið því verið skriflega flutt samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaganna nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Með því að engir gallar eru á hinni áfrýjuðu lögtaksgerð, ber að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu til greina.

Áfrýjanda verður ekki dæmdur kostnaður af lögtaki og uppboðsbeiðni, þar sem mat á þeim kostnaði ber undir fógeta og uppboðshaldara samkvæmt 185. gr. laga nr. 85/1936, en þeir hafa ekki lagt úrskurð á kostnað þenna.

Stefndi hafði áfrýjað lögtaksgerðinni af sinni hálfu, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína. Hafði áfrýjandi því ástæðu til að bera hina áfrýjuðu lögtaksgerð undir Hæstarétt. Þykir því rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er telst hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

D ó m s o r ð :

Hin áfrýjaða lögtaksgerð staðfestist.

Stefndi, Guðmundur H. Þórðarson, greiði áfrýjanda, tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs og Tryggingastofnunar ríkisins, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Lögtaksgerð fógetaréttar Reykjavíkur 3. desember 1954.

Ár 1954, föstudaginn 3. desember, var fógetaréttur Reykjavíkur settur á horni Ingólfsstrætis og Spítalastígs og haldinn af fulltrúa borgarfógeta, Ben. S. Bjarklind, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið:

Beiðni tollstjórans í Reykjavík um að gera lögtak hjá Guðmundi H. Þórðarsyni, Spítalastíg 5, fyrir bifreiðaskatti af R 4544 1953, kr. 540.80 auk dráttarvaxta og kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Til staðar er í réttinum beiðni um lögtakið ásamt tilheyrandi gjaldseðlum, þingm. nr. 1—2, en lögtaksúrskurður var kveðinn upp 10/5 1954 og birtur í dagblöðunum.

Nr. 1—2: Fylgja með í eftirriti.

Gerðarþoli er sjálfur mættur í réttinum, og skoraði fógeti á mætta að greiða umkrafín gjöld, en hann kveðst ekki geta greitt þau. Skoraði fógeti þá á mætta að benda á eignir gerðarþola til uppskriftar og lögtaks og brýndi fyrir mætta að segja satt og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum.

Var þá bent á, skrifað upp og virt:

Bifreiðin sjálf, sem er nú á bifreiðaverkstæði Kr. Kristjánssonar, hér í bæ. Fallið var frá virðingu.

Fógeti lýsti því yfir, að hann gerði lögtak í nefndri bifreið til tryggingar framangreindum gjöldum auk dráttarvaxta og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, að geymdum betra rétti þriðja manns.

Brýndi fógeti fyrir mætta, að ekki mætti ráðstafa hinu lögtekná á nokkurn þann hátt, er færi í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Þriðjudaginn 29. marz 1955.

Nr. 23/1955. **Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs og Tryggingastofnunar ríkisins**

(Hermann Jónsson)

gegn

Árnasyni, Pálssyni & Co. h/f (Enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Lögtaksgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur með stefnu 28. janúar þ. á. skotið til Hæstaréttar lögtaksgerð, er framkvæmd var eftir kröfu hans hjá stefnda hinn 8. desember 1954, og krafizt þess, að lögtaksgerðin verði staðfest. Hann krefst þess einnig, að stefnda verði dæmt að greiða honum kostnað af lögtakinu og uppboðsbeiðni og málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Af hálfu stefnda hefur enginn komið fyrir dóm í máli þessu, enda þótt löglega hafi verið stefnt, og hefur málið því verið skriflega flutt samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Með því að engir gallar eru á hinni áfrýjuðu lögtaksgerð, ber að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu til greina.

Áfrýjanda verður ekki dæmdur kostnaður af lögtaki og